

Spurningar og svör vegna vor- og vetrarþjónustu.

- 1) Hvers vegna er aldrei mokaðar gangstéttar í minni götu?
 - a. Gangstéttar í húsagötum eru oftast í þriðja og fjórða þjónustuflokki. Þriðji þjónustuflokkur er alla jafnan síðastur í röðinni, enda ekki litið svo á að um stofnstíg sé að ræða og notkun því alla jafna minni en á slíkum.
 - b. Reynt er að sinna þjónustuflokki 3 innan 36klst frá síðustu snjókomu, en hann er látinn mæta afgangi ef snjóar aftur, enda áherslan á stíga í þjónustuflokkum 1A, 1 og þjónustuflokki 2.
 - c. Fjórði þjónustuflokkur er nánast aldrei skafinn. Ýmsar ástæður geta verið fyrir því af hverju stígar eru settir í fjórða þjónustuflokk.
 - i. Þeir eru of mjóir fyrir okkar búnað, sem þó er tiltölulega smár í sniðum.
 - ii. Þeir eru ekki með föstu yfirborði.
 - iii. Það er stígur í hærri þjónustuflokki hinum megin í götu.
 - d. Það er verið að leita að mjórri vélum fyrir þessa þröngu stíga og ekki ólíklegt að fjárfest verði í slíkum búnaði árið 2022.
- 2) Af hverju er alltaf þrifið síðast í Grafarvogi í borginni?
 - a. Reynt er að fara heilt yfir stofn- og tengibrautir á fyrstu fjórum vikum vorhreinsunar og er það þá veðurfar sem ræður mestu um hvaða götur og stígar upp við þær eru teknar fyrst á því tímabili.
 - b. Reiknað er með að hér sé talað um húsagötur, en þar hefur Grafarvogur verið síðastur í röðinni undanfarin tvö ár. Tvö ár þar á undan var Grafarvogur tiltölulega framarlega er kom að vorhreinsun húsagatna og í ár verður slíkt hið sama uppi á teningnum.
- 3) Hvers vegna eru götur ekki þrifnar betur eins og Strandvegur þar sem hann fer fram hjá Gullnesti (endilega skoðið hvað það hefur safnast mikil drulla í kantinum á götunni)
 - a. Allar stofnbrautir eru teknar nokkuð jafnt, eða þrisvar á ári, þar af eru þær allar þvegnar einu sinni. Reynt er að bregðast við ábendingum og það gerist alveg að einhverjar stofngötur eru sópaðar fjórum sinnum yfir árið. Ég veit til þess að það hafi átt við um Borgarveg, sem verður fljótt skítugur aftur, en ákveðið var í þetta sinn að fara ekki í Strandveg, enda þótti hann í betra ásigkomulagi en Borgarvegur.
 - b. Það fer eftir veðurfari og daggarmarki hvort unnt sé að þrifa götur að vetri til. Þumalputtareglan er sú að það sé alla jafnan erfitt í +2°C og undir. Bjartir, kyrrir og kaldir dagar eru okkur því ekki endilega hagstæðir til þrifa.
- 4) Hvað ræður því hvaða stígar eru sandaðir og saltaðir.
 - a. Notkun og ábendingar. Stígar sem liggja að strætóleiðum, skólum o.fl á vegum vegum RVK-borgar eru alla jafnan í þjónustuflokkum 1 og 2. Ef fleiri en ein leið liggja að umræddum stöðum, þá er ekki verið að sinna þeim öllum jafnt.
 - b. Tröppur hafa líka áhrif, enda erfitt að koma núverandi búnaði yfir slíka fyrirstöðu.
 - c. Í austurhluta Reykjavíkur eru gönguleiðir eingöngu sandaðar, en allir skilgreindir hjólastígar eru sópaðir og þæklaðir. Þó hefur í undantekningartilvikum verið notast við saltblandaðan sand ef eftirlit hefur metið það svo að slíkt þyrfti.
 - d. Verið er að gera tilraun með söltun stíga í vesturhluta Reykjavíkur, sem og hluta stofnstíga í Grafarvogi, með misjöfnum árangri, kannski erfitt að meta eftir vetur eins og þann sem nú er að líða. Lítið hefur verið um kvartanir vegna söltunar, nema þá helst frá gæludýraeigendum, en salt ku fara illa í þófa ferfætlinga.
- 5) Hvað ræður því hvar er slegið
 - a. Þau svæði sem teljast sláttutæk, þ.e. hægt er að slá þau með þeim búnaði sem við höfum yfir að ráða, eru alla jafnan tekin nema annað hafi verið sérstaklega ákveðið af deildarstjóra náttúru og garða. Um árið var ákveðið að fækka sláttusvæðum og auka

á náttúruleg svæði sem stuðlað geti að líffræðilegum fjölbreytileika. Sum þessara svæða eru enn ekki slegin, en farið var að slá önnur þeirra aftur eftir ábendingar frá íbúum m.a.

- 6) Hvers vegna eru stór svæði sem ekki eru sleginn í hverfinu og mynda gríðarlega hættu ef það kviknar í, líkt og gerðist í vetur í Staðahverfi.
 - a. Um er að ræða svæði sem erfitt er að sinna með þeim búnaði sem við höfum yfir að ráða, sérstaklega ef að tré hafa verið gróðursett þar. Flest, ef ekki öll þessara svæða myndu krefjast handsláttar. Það mætti skoða að skilgreina ákveðin sinusvæði og slá þau að hausti með handafli, mundi kosta eitthvað aukalega.
 - b. Sé vilji til þess að ákveðin svæði verði tekin inn á sláttukort, má alltaf skoða það. Ábendingavefur er ágætis verkfæri til að koma skilaboðum áfram innan kerfis, hvort sem óskað er eftir því að þær lendi á okkar borði, eða pólitíkur.
- 7) Svæðið á milli Víkurhverfis og Borgahverfis þar er mikil sína, þarf ekki að bregðast við og slá það 1x á haustin
 - a. Hluti umrædds svæðis, ef skilningur er réttur, er sleginn. Ekki er víst að það gangi upp að taka þau svæði sem ekki eru á kortum nema að þeim yrði breytt þannig að búnaður gæti slegið með góðu móti. Í dag er um að ræða órækt, nema það sem er hefur verið slegið undanfarin ár. Annars má alveg skoða að skilgreina sinusvæði í Reykjavík og láta slá þau að hausti.
- 8) Hvers vegna eru sumar götur ekki mokaðar
 - a. Reiknað er með að hér sér rætt um húsagötur. Allar götur eru skafnar á veturna ef það er mat eftirlits að slíkt þurfi að gera. Miðað er við að fara í húsagötur ef snjólag er 15cm eða meira. Sú aðgerð getur tekið 3-5 daga eftir því hvað snjóar mikið.
 - b. Verktakar eru með 12 bíla og 26 tæki til að bregðast við slíkum aðstæðum, sem alla jafnan koma upp einu sinni til tvisvar á ári.
 - c. Allar stofnbrautir og strætóleiðir eiga að vera færar sama hvað. Það á í versta falli að vera hægt að komast til vinnu með Strætó. Munað er eftir tveimur skiptum frá árinu 2014 þar sem erfitt reyndist fyrir Strætó að koma fólki heim úr vinnu í Staðarhverfi og í Úlfarsárdal. Minnir að þau hafi komið upp á fimmtudegi og sunnudegi.

Áhugaverðir hlekkir:

[Ábendingavefur](#)

Hreinsun

- [Hreinsun, forgangur](#)

- [Hreinsun, framvinda](#)

Vetrarþjónusta

- [Götur, forgangur](#)

- [Stígar, forgangur](#)

[Grassláttur](#)

[Þjóðvegir í þéttbýli](#)

[Lóðamörk](#)

[Ruslastampar](#)